

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

*Deiliskipulag óskipts lands Voga.*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 24. október 2018 tillögu að deiliskipulag fyrir óskipt land Voga.

Ráðgert er að byggja upp og bæta aðstöðu m.a. við Grjótagjá, Vogagjá og Lúdentsborgir og bæta aðkomu að Hverfjalli og Loftihelli. Lagðir eru fram sérstakir deiliskipulagsupprættir þessara svæða og afmörkuð framkvæmdasvæði vegna aðkomu og aðstöðu við Loftihelli.

*Deiliskipulag fyrir Hlíð, ferðaþjónustu.*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 22. ágúst 2018 tillögu að deiliskipulagi fyrir Hlíð, ferðaþjónustu.

Skipulagssvæðið er um 9 ha að stærð og er sunnan og vestan Reykjahlíðarflugvallar. Það afmarkast að norðan af flugvelli og hrauni, að austan af hlíðinni, að sunnan af túnum og að vestan af hrauni og er að mestu leytt innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Í deiliskipulags-tillöggunni er lögð áhersla á að ná fram heildarsvip á svæðið en leyfa sérkennum þess og náttúru að njóta sín. Á svæðinu mun auk þeirrar starfsemi sem fyrir er verða gert ráð fyrir nýjum gistihúsum, smáhýsum, tjaldsvæði, svæði fyrir ferðavagna, bílastæðum og aðstöðu fyrir starfsmenn.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Mývatnssveit, 30. janúar 2019.*

F.h. Skútustaðahrepps,

**Guðjón Vésteinsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2019